

From: Hulda Kristjánsdóttir
Sent: Sun, 26 Oct 2025 11:07:06 +0000
To: Haraldur Þór Jónsson
Cc: Sýlvía Karen Heimisdóttir; Árni Eiríksson
Subject: Til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Góðan dag

Fyrir hönd sveitarstjórnar Flóahrepps lýsi ég yfir áhuga og vilja til að eiga í samstarfi um söfnun, flutning og brennslu á dýrahæjum.

Sú leið sem Skeiða- og Gnúpverjahreppur hyggst fara varðandi þennan úrgangsflokk hljómar sem góður, sanngjarn og lagalega réttur kostur.

Með þeim aðferðum sem sveitarfélagið hyggst fara er ljóst að farvegurinn verður réttur allt frá söfnun og til förgunar og augljós ávinningur fyrir alla að stytta vegalengdir enda hefur kostnaður aukist gríðarlega undanfarið vegna þeirrar vegalengdar sem flytja þarf úrganginn.

Sjái sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps rekstrarlega kosti við að fà Flóahrepp í samstarf um málið þá teljum við að næsta skref væri að undirrita viljayfirlýsingu um samstarf sem myndi síðar leiða til samnings á milli sveitarfélaganna tveggja um söfnun, flutning og förgun á dýrahæjum.

Magn dýrahæja síðustu ár í Flóahreppi hefur verið á bilinu 80-100 tonn á ári.

Með kveðju

Hulda Kristjánsdóttir

Sveitarstjóri Flóahrepps